

## Fundur skóla- og foreldraráðs Árskógar skóla 28. apríl 2016

Mættir: Elín, Helga, Hanna (kom inn í stað Gerðar sem er hætt), Valdís Erla, Margrét Ágústa boðaði forföll og Aníta Rut.

1. Tekin fyrir skýrsla vinnuhóps um eflingu og framtíða Árskógar skóla og starfsemi í Árskógi. Hópurinn skilaði af sér tillögum sem fræðsluráð fjallaði um 26. apríl 2016 og tók eftirfarandi ákvörðun:

*„Skýrsla og kynning vinnuhópsins rædd og aðilar sammála um að halda áfram leik- og grunnskólastarfi við Árskógar skóla samkvæmt núverandi skipulagi enda sé það forsenda þess að efla og styrkja búsetu á Árskógsströnd. Fræðsluráð tekur undir tillögu vinnuhópsins um að við innritun barna í leik- og grunnskóla verði foreldrum kynntir allir þeir valkostir sem í boði eru í sveitarfélaginu. Það kallar á einfaldari og aðgengilegri framsetningu á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.*

*Fræðsluráð leggur til að ákvörðum um fyrirkomulag á rekstri félagsheimilisins Árskógar verði vísað til Íþróttá- og æskulýðsráðs sem skoði málið samhliða vinnu við starfs- og fjárhagsáætlun á komandi hausti. Fræðsluráð þakkar vinnuhópnum fyrir vel unnin störf.“*

Ráðið ræddi skýrsluna sem fer á heimasíðu og bókun fræðsluráðs og lýsir ánægju með að skólinn starfi í óbreyttri mynd.

2. Skólaslitum flýtt.

Á skóladagatali 2015-2016 eru skólaslit mánudaginn 6. júní sem er skertur skóladagur nemenda og einungis mætt á skólaslit sem taka um 30 mínútur.

Árskógar skóli og Dalvíkurskóli óskuðu eftir því að færa skólaslitin til föstudagsins 3. júní og er fræðsluráð hlynnt því enda kemur það ekki niður á fjölda nemendadaga.

**Skóla- og foreldraráð Árskógar skóla samþykkir að skólinn megi slíta skóla föstudaginn 3. júní kl. 13<sup>00</sup>. Því er það ákveðið að nemendur á grunnskólastigi mæta í skólann eins og venjulega 3. júní og dagurinn endar á skólaslitum í félagsheimilinu kl. 13<sup>00</sup>.**

Fundi slitið kl. 08:40

Fundargerð ritaði Gunnþór